



Pistill skólastjóra

Ég vil byrja á að hrósa nemendum og starfsfólki þegar reglur vegna COVID voru hertar. Það voru allir mjög duglegir að nota grímurnar og reyndar er grímuskylda enn í gildi hjá unglíngunum og kennurum þegar þeir eru hjá þeim.

Skjal um nemendalýðræði er komið inn á heimasíðuna. Stjórn nemendafélagsins kom að þeirri vinnu, takk fyrir það. Sjá [hér](#)

Þann 8. nóvember er árlegur dagur gegn einelti en þar sem hann bar upp á sunnudag í ár unnum við verkefni tengt honum mánudaginn 9. Í ár ákváðum við nota tvær kennslustundir og byrjuðum á því að hver nemandi dró nafn annars nemanda og átti að skrifa gullkorn/hrós til hans. Nemendur 1.-3. bekkjar voru saman og 4.-10. bekkur saman. Eftir það voru hjörtun, sem hangið hafa uppi í salnum í nokkur ár, tekin niður og í stað þeirra settu nemendur upp fallegar setningar. Eldri nemendur bjuggu til stafi úr formum en þeir yngri fengu tilbúna stafi. Allir nemendurnir lituðu svo og skreyttu stafina.

Við kveiktum á jólatrénu í morgun 30. nóvember. Eins og áður settum við serú í tré sem er fyrir framan innganginn. Gengið var í kringum tréð og sungin jólalög undir stjórn Stefáns Jak. Síðan fengu allir kakó og piparkökur inni á eftir. Þetta var róleg og notarleg stund.

Opið hús verður hjá 1.-5. bekk 3. desember kl. 18:00-19:30. Það verður ekki opin sjoppa og við óskum eftir að nemendur komi ekki með nammi. Eina skiptið sem þessi hópur hefur nammi er á grímuballi.

Við stefnum á að hafa opið hús hjá 6.-10. bekk 9. desember kl. 19:30-21:30 ef sóttvarnarreglur leyfa.

Það verður ekki námsmatsvika hjá okkur núna eins og verið hefur. Námsmatið fer fram jafnt og þétt yfir veturinn. Þó verða stærðfræðiþróf í desember hjá 4.-10. bekk, stærðfræðikennari kynnir fyrirkomulagið.

15. desember er frídagur hjá nemendum.

Þemadagar eru 16.-18. desember. Nemendur þurfa ekki að koma með skólatöskur. Fyrsta daginn er jólatarsan og laufabrauðsgerð. Nemendur þurfa að hafa með sér íþróttaföt.

17. desember eru þrjú svæði, föndur, ís og spil og konfekt.

18. desember er undirbúningur fyrir litlujólín, skreytingar og lagt á borð fyrir kvöldmatinn.

Jólafrí er frá 19. desember.

Skóli hefst á nýju ári 4. janúar kl. 9:30.

Á döfinni

2. des – Opið hús hjá 1. – 5. bekk

9. des – Opið hús hjá 6. -10. bekk

15. des – Starfsdagur

16.-18. des – Þemadagar

18. des – Litlu jólin

19. des – Jólafrí

4. jan – Skóli hefst á ný

Grænfáninn

Við í grænfánanum erum á fullu að klára skrefin 7. Eitt af skrefunum er að hafa umhverfissáttmála og 24. nóvember var grænfánadagur þar sem að allur skólinn vann að gerð hans. Hlökkum við til að geta sýnt lokaútgáfuna.

Í desember ætlum við að vinna gegn matarsóun. Þetta verður gert í samstarfi með leikskólanum sem er að stíga sín fyrstu skref í átt að grænfána.

Jólafrí er frá
19. des – 3. jan.

Gleðileg jól

4. – 6. bekkur

Við í 4. – 6. bekk vorum mjög fegin við síðustu tilslakanir sóttvarnarlæknis, þegar við losnuðum við grímurnar en krakkarnir eiga hrós skilið fyrir þennan tíma sem grímuskyldan var hjá þeim, þeir stóðu sig alveg glimrandi vel.

Við settum Óskalandið í bið á meðan, en nú erum við byrjuð aftur við þá vinnu og verður gaman að sjá afraksturinn. Nemendurnir standa sig mjög vel.

Jákvæður agi

Við í jákvæðum aga höfum verið að vinna með hrós og þakkir og munum halda því áfram í desember. Við byrjuðum á að vinna með hrós og sáum að það þarf að þjálfna því það getur verið erfitt að gefa hrós og líka erfitt að taka á móti því. Núna bætum við þakklæti við og þá þurfa nemendur svolítið að hugsa inn á við og velta fyrir sér hvað þeir eru þakklátir fyrir.

Okkar framlag í degi gegn einelti var að láta alla nemendur gefa einhverjum samnemanda sínum hrós á miða. Þetta gerði starfsfólkið líka sín á milli.

Stattu við það sem þú segir



Þú skalt meina það sem þú segir og fylgja því eftir.

Krakkar vita hvenær þú meinar það sem þú segir og hvenær ekki.

Ef þú segir: „Ég ætla að lesa sögu fyrir þig kl. 8 ef þú verður kominn í náttfötin og búin að bursta tennur.“ Ef barnið er ekki tilbúið kl. 8 skaltu vingjarnlega benda á tímann og bjóða góða nótt án þess að lesa sögu.

Svo er upplagt að hvetja barnið með því að segja: „Þú skalt reyna aftur á morgun.“

1. – 3. bekkur

Við kennararnir viljum hrósa nemendum 1.-3. bekkjar fyrir hvað þau eru jákvæð og virk í verkefnum sem allir skólinn tekur þátt í saman eins og t.d. degi gegn einelti og Grænfánadeginum.

7. – 10. bekkur

Hafa lokið verkefninu Draumalandið og enduðu nemendur á að kynna landið sitt fyrir 4.-10. bekk. Stóðu þeir sig allir með mikilli þryði. Næsta verkefni snýr að skjánotkun og samfélagsmiðlum. Byrjaði verkefnið á skjáþásu og nemendur hvattir til að sinna annarri iðju. Meira er um einstaklingsverkefni í þessari lotu, sem snýr að kostum og göllum samfélagsmiðla og áhrif skjánotkunar á andlega og líkamlega heilsu. Enn er grímuskylda á unglíngunum og hafa þeir staðið sig rosalega vel og eiga mikið hrós skilið.

Heilsueflandi grunnskóli

Við lögðum fyrir könnun um vímuefnanotkun á dögnum fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra og niðurstöðurnar komu almennt vel út en við þurfum greinilega að bæta forvarnarfræðsluna þar sem engum fannst hún nægileg. Hægt er að sjá betri greinargerð um niðurstöðurnar [hér](#).

Einnig er að klárast athugun á skjá og svefntíma nemenda og niðurstöður úr henni verða kynntar í næsta fréttabréfi.

Við stefnum svo á að fara í matarsóunarverkefni í desember í samstarfi með grænfánanefndum skólans og leikskólans og munum við kynna niðurstöðurnar úr þeirri vinni líka í næsta fréttabréfi

Dagskrá Reykjahlíðarskóla desember 2020

mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur
30. nóvember. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og smjör. Kveikt á jólatré kl. 10.	1. Grjónagrautur, slátur og brauð.	2. Kjúklinganaggar, franskar, grænmeti og kokteilsósa.	3. Silungur, kartöflur, grænmeti og sósa. Opið hús 1.-5. bekkur kl. 18:00-19:30. Skólabíll keyrir.	4. Carbonara pasta, grænmeti og hvítlauksbrauð.
7. Plokkfiskur, rúgbrauð og grænmeti.	8. Kjúklingasúpa og brauð.	9. Steiktur fiskur, kartöflur, grænmeti og sósa. Opið hús 6. - 10. bekkur kl. 19:30 - 21:30. Skólabíll keyrir.	10. Kalkúnabringa með fyllingu, rauðkál, grænmeti og kalkúnasósa.	11. Hamborgarar, franskar, salat og sósa. Val hjá 2.-3. bekk.
14. Fiskibollur, hrísgrjón, grænmeti og sósa.	15. Skipulagsdagur. Nemendur í fríi.	16. Soðinn fiskur, kartöflur og grænmeti. Þema kl. 8:30 - 14:20. Jólatarsan, nemendur koma með ípróttaföt.	17. Pylsur í brauði. Val hjá 4. - 6. bekk. Þema kl. 8:30 - 14:20.	18. Þema kl. 8:30 – 12:00. Enginn hádegismatur. Litlujól kl. 17:30 -20:30. Kvöldmatur, hangikjöt, kartöflur, rauðkál, baunir og jafningur.